

Nd.

288. Frumvarp til laga

[127. mál]

um breyting á lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessild og skozkverkaðri sild.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Atvinnumálaráðherra ákveður laun matsstjóra og matsmanna. Skulu laun þeirra greidd úr ríkissjóði. Sildarsaltandi skal greiða til sildarmats ríkisins tímakaup matsmanna fyrir þann tíma, sem þeir vinna við mat, eftirlit og annað í þágu sildarsaltanda. Til að standast kostnað við matið að öðru leyti, svo sem ferðakostnað matsmanna o. fl., skal heimilt að taka af hverri útflutningsmetinni tunnu matsgjald, er nemi kr. 0.50. Gjald þetta skal innheimt af lögreglustjóra ásamt útflutningsgjaldi.

Sildarmatsmenn skulu starfa undir stjórn sildarmatsstjóra og bera ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum.

Um kaup sildarmatsmanna, ferðakostnað, dagpeninga, vinnutíma o. fl. skal nánar ákveðið í erindisbréfi þeirra.

2. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi nýr málslíður, svo hljóðandi:

Um kostnað við frjálst mat á sild fer samkvæmt 3. gr.

3. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 64 9. nóv. 1953, um breyting á lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessild og skozkverkaðri sild.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk sjávarútvegsmálaráðherra, og fylgdi því greinargerð sú, sem hér fer á eftir. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Að undanfögnu hafa útflytjendur saltsildar greitt samkvæmt lögum matsgjald kr. 1.00 af hverri útflutningsmetinni tunnu, og skyldi matsgjaldið standa undir kostnaði við sildarmatið. Nú er svo komið vegna þeirra verðhækkana, sem orðið hafa á undanfögnu árum, að gjald þetta er langt frá því að hrökkva fyrir kostnaði við matið, og greiðir ríkissjóður nú hátt á þriðja hundrað þúsund krónur með sildarmatinu á ári, og fer sú greiðsla vaxandi ár frá ári. Til að jafna þennan halla er í frumvarpi þessu lagt til, að tekið verði matsgjald kr. 0.50 af hverri tunnu og gangi það til að greiða ferðakostnað sildarmatsmanna milli sildarverkunarstöðva, dagpeninga og annan kostnað við matið, en auk þess skuli sildarsaltendur greiða til sildarmats ríkisins tímakaup fyrir þann tíma, sem þeir vinna við mat, eftirlit og annað í þágu sildarsaltanda. Fjármálaráðuneytið hefur lagt áherzlu á, að gerðar yrðu ráðstafanir til að jafna þann halla, sem að undanfögnu hefur orðið á sildarmati ríkisins, og gengur frumvarp þetta í þá átt, eins og áður segir. Sildarmatsstjóri er einnig meðmæltur því, að þessar breytingar nái fram að ganga, og telur þær styrkja aðstöðu sildarmats ríkisins, en þess sé einmitt þörf nú, þar sem mikil verkefni séu nú lögð á sildarmatið með viðskiptasamningum um sölu saltsildar. Þá telur sildarmatsstjóri það einnig til bóta, að útflytjandi greiði, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, tímakaup matsmanna fyrir þann tíma, sem þeir vinna við mat hjá honum, að því leyti, að það ákvæði hvetji útflytjanda til að vanda verkun vörunnar, svo að vinna matsmanna verði sem minnst.

2. gr. frumvarpsins er tekin óbreytt úr lögum nr. 64/1953, sem felld verða úr gildi, ef frumvarp þetta nær fram að ganga.